

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 16. apríl 2026.

Mál nr. 239/2026:

**A og B**

(Karol Walejko lögmaður)

og

**C**

(enginn)

gegn

**velferðarsviði Reykjanesbæjar**

(Einar Hugi Bjarnason lögmaður)

**Lykilorð**

Kærumál. Börn. Barnavernd. Dómkvaðning matsmanns.

**Útdráttur**

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu A og B um öflun matsgerðar.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir og Kristinn Halldórsson og Eiríkur Elís Þorláksson settur landsréttardómari kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðilar skutu málinu til Landsréttar með kæru 24. mars 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 9. apríl sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjanes 11. mars 2026 í málinu nr. E-[...]/2026 þar sem beiðni sóknaraðila um dómkvaðningu matsmanns var hafnað. Kæruheimild er í c-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- Sóknaraðilar krefjast þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og beiðni þeirra um dómkvaðningu matsmanns tekin til greina. Þess er einnig krafist að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðilum málskostnað í héraði og kærumálskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- C hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Landsrétti.

### Niðurstaða

- Af hálfu sóknaraðila A og B hefur Karol Walejko lögmaður skilað greinargerð til Landsréttar. Lögmaðurinn hefur ekki réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti og brestur því heimild til að gæta hagsmuna sóknaraðila hér fyrir dómi með þeim hætti,

sbr. 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 10. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn. Verður því ekki tekið tillit til greinargerðarinnar við meðferð þessa kærumáls.

- 6 Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.
- 7 Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sóknaraðilar A og B hafi fyrir héraðsdómi haft uppi kröfu um málskostnað vegna þessa þáttar málsins. Þegar af þeirri ástæðu kemur sú krafa þeirra ekki til álita fyrir Landsrétti.
- 8 Um kröfu sóknaraðila A og B um kærumálskostnað úr ríkissjóði er þess að gæta að samkvæmt 1. mgr. 60. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 skal foreldri sem aðild á að máli sem rekið er fyrir dómi eftir X. kafla laganna, njóta gjafsóknar í því í héraði, fyrir Landsrétti og fyrir Hæstarétti. Ákvæði þetta hefur aðeins að geyma sérreglu um rétt manns til gjafsóknar, sbr. 2. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991, sem gengur framur almennum reglum um skilyrði hennar samkvæmt 1. mgr. sömu lagagreinar, en um gjafsóknina í tilviki sem þessu, þar á meðal veitingu hennar, gilda að öðru leyti almennar reglur XX. kafla sömu laga, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 26. júní 2017 í máli nr. 396/2017 og úrskurð Landsréttar 28. júlí 2023 í máli nr. 546/2023. Með því að sóknaraðilum hefur ekki verið veitt gjafsókn fyrir Landsrétti samkvæmt þeim reglum verður hafnað framangreindri kröfu þeirra og verður kærumálskostnaður ekki úrskurðaður.

### **Úrskurðarorð:**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 11. mars 2026.**

Mál þetta var höfðað 2. febrúar 2026 og sætir flýtimeðferð samkvæmt 53. gr. b. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Stefnandi er Barnaverndarþjónusta Reykjanesbæjar, [...]. Stefnu eru A, [...], og B, [...].

Stefnandi krefst þess að stefnda A verði svipt forsjá dætra sinna C, kt. [...] og D, kt. [...] og að stefndi B verði sviptur forsjá dóttur sinnar D, en stúlkurnar eru vistaðar utan heimilis á vegum stefnanda. Þá verði málskostnaður felldur niður óháð málsúrslitum. Stefnu krefjast sýknu af kröfugerð stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Á dómþingi 20. febrúar lögðu stefndu fram beiðni um dómkvaðningu matsmanns til að meta forsjárhæfni þeirra og tengsl við börnin C og D. Stefnandi mótmælti matsbeiðninni og var því boðað til munnlegs málfutnings um ágreininginn 25. febrúar. Þann dag var af hálfu C þingfest meðalgöngustefna samkvæmt 1. mgr. 55. gr. barnaverndarlaga og þess krafist að C verði heimilud aukameðalganga, að stefndu A og B verði sýknuð af kröfugerð stefnanda og að hún fái dæmdan málskostnað úr hendi stefnanda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Í framhaldi var málið flutt og tekið til úrskurðar um ágreining um dómkvaðningu matsmanns. Af hálfu C er í þeim þætti máls tekið undir öll sjónarmið stefndu.

## I.

Mál þetta varðar C dóttur stefndu A, sem nú er [...] ára og lýtur forsjá móður sinnar og D, [...] ára, sem lýtur forsjá stefndu beggja. Forsjárlaus faðir C er búsettur í [...]. Fyrir liggur að barnaverndaryfirvöld hófu afskipti af málefnum stefndu A og C 2018 og frá 2020 hafa afskipti barnaverndar einnig lotið að málefnum stefndu beggja og dóttur þeirra D. Frá því að afskipti hófust hefur barnavernd borist á fimmta tug tilkynninga um vanrækslu stefndu í umönnun og uppeldi stúlkanna sem margar tengjast áfengisneyslu stefndu. Einnig liggur fyrir að í þágu bættrar umönnunar og uppeldisskilyrða hafa verið gerðar nýu meðferðaráætlanir samkvæmt 23. gr. barnaverndarlaga í þágu C, sjö áætlanir í þágu D og að þær áætlanir hafa hvergi nærri staðist sett markmið. Þá liggur fyrir að stúlkurnar hafa nú verið vistaðar utan heimilis í tvö ár, sem og að húsnæði stefndu að [...] telst óbúðarhæft og ekki börnum bjóðandi, að stefndu eru atvinnulaus, að þau er enn eða hafa til skamms tíma verið í virkri áfengisneyslu og að hvorugt þeirra hefur nýlega farið í meðferð til að ráða bót á vímuefnavanda.

## II.

Í þágu málsmeðferðar á barnaverndarstigi var E sálfræðingi falið að meta forsjárhæfni stefndu, meðal annars með tilliti til persónulegra eiginleika þeirra, styrkleika og veikleika sem foreldra og uppalenda og hæfi, vilja og getu til að hagnýta sér aðstoð barnaverndaryfirvalda svo búa megi C og D viðunandi uppeldiskilyrði til framtíðar. Liggur fyrir í því sambandi 25 blaðsíðna sálfræðilegt mat 21. ágúst 2025. Matið byggir á fyrirliggjandi barnaverndargögnum, viðtölum við stefndu og sálfræðilegum prófunum á þeim, viðtölum við C og upplýsingum frá fósturforeldrum hennar og D. Í samantekt og álitni sálfræðingsins, sem telur sjö blaðsíður, kemur fram að stefnda A viðurkenni áfengisvandamál á meðan stefndi B sé í afneitun og segist ekki eiga við áfengisvanda að stríða. Þá sé innsæi stefndu beggja í stöðu og þarfir dætra þeirra talið verulega skert. Stefnda A virðist þó meðvituð um bága stöðu dætra sinna, en standi fyrst og fremst með stefnda B og setji þarfir þeirra framar hagsmunum barnanna. Í framhaldi er komist að þeirri niðurstöðu að hvorki A né B teljist forsjárhæf.

## III.

Af hálfu stefndu er á því byggt í þessum þætti máls að nauðsynlegt sé að afla nýrrar matsgerðar um forsjárhæfni stefndu til að hnekkja fyrirliggjandi sálfræðimati frá 21. ágúst 2025 og hvíli þar að baki brýnir hagsmunir dætranna C og D og mikilvægi þess að málefni barnanna fái vandaða málsmeðferð. Fyrirliggjandi sálfræðimat sé þeim annmörkum háð að þess var aflað einhliða af hálfu stefnanda, aðeins hafi verið rætt tvisvar við stefndu við vinnslu matsins og takmarkaðir prófanir gerðar á persónulegum eiginleikum þeirra og foreldrahæfni. Þá liggi og fyrir sú breyting á högum stefndu frá fyrra mati að þau eru á biðlista fyrir félagslegt leiguhúsnæði, að stefnda A er á biðlista fyrir endurhæfingu til að komast að nýju út á vinnuarkað og hún einnig á biðlista fyrir áfengismeðferð á Vogu.

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála fari aðilar með forræði á sakarefni og sé frjálst að afla þeirra sönnunargagna sem þeir telja nauðsynleg til skýringar á sínu máli og samkvæmt 3. mgr. 46. gr. megi því aðeins meina aðila um sönnunarfærslu ef dómari telur bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar. Sambærilega reglu sé að finna í 3. mgr. 42. gr. barnalaga nr. 76/2003, en samkvæmt henni geti dómari því aðeins hafnað kröfu aðila um dómkvaðningu matsmanns ef dómari telur öflun sérfræðilegrar álitsgerðar ganga gegn hagsmunum barns eða augljóslega óþarfa. Eins og hér hátti til sé ekki augljóst að niðurstaða dómkvadds sálfræðings verði hin sama og niðurstaða E sálfræðings 21. ágúst 2025 og hafi dætur stefndu ríka hagsmuni af því að á þetta verði látið reyna, sbr. til hliðsjónar úrskurður Landsréttar 8. ágúst 2025 í máli nr. 545/2025, sbr. og landsréttarúrskurður nr. 537/2018. Stefndu telja mikilvægara að mál þeirra fái vandaða meðferð fremur en flýtimeðferð og eru reiðubúin að samþykkja áframhaldandi vistun C og D utan heimilis á meðan aflað verði dómkvaddir matsgerðar.

## IV.

Stefnandi krefst þess að synjað verði beiðni stefndu um dómkvaðningu matsmanns. Í málinu liggja fyrir nýtt og vandað sálfræðimat E frá 21. ágúst 2025 og mikill fjöldi gagna frá barnavernd, sem staðreyndi áralanga vanrækslu stefndu við daglega umönnun og uppeldi dætranna C og D, sem og alvarlegan áfengisvanda stefndu. Barnaverndargögnin og niðurstaða sálfræðimatsins tali sínu máli og taki af allan skynsamlegan vafa um foreldra- og forsjárhæfni stefndu. Stefndu vilji nú fá annan matsmann til að meta sömu atriði og metin voru í ágúst 2025, en stefndu tóku virkan þátt í þeirri matsvinnu og gátu komið sínum sjónarmiðum á framfæri. Fyrir liggja samkvæmt upplýsingum stefndu sjálfra að engar breytingar hafi orðið á stöðu þeirra og högum frá því að sálfræðimati var skilað og breyti engu í því sambandi þótt stefndu hafi sótt um félagslegt leiguhúsnaði, stefnda A sótt um endurhæfingu og hún sótt um áfengismeðferð á Vogu. Eftir standi óbreytt að stefndu séu húsnæðislaus, atvinnulaus og í virkri áfengisneyslu. Undir þessum kringumstæðum hljóti öflun dómkvaddrar matsgerðar að teljast bersýnilega tilgangslaus í skilningi 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. til hliðsjónar úrskurðir Landsréttar í málum nr. 244/2018, nr. 451/2019, nr. 479/2019, nr. 854/2019, nr. 198/2021, nr. 546/2023 og nú síðast úrskurður Landsréttar 20. febrúar 2026 í máli nr. 107/2026.

#### V.

Samkvæmt 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála getur dómari meinað aðila um sönnunarfærslu ef hann telur bersýnilegt að atriði sem aðili vill sanna skipti ekki máli eða gagn sé tilgangslaus til sönnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 ber barnaverndarnefnd áður en mál er höfðað til sviptingar forsjár að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst. Í málinu liggur fyrir ítarleg sálfræðileg matsgerð frá 21. ágúst 2025, sem stefnandi aflaði með fullu samþykki og virkri þátttöku stefndu beggja. Er í matinu fjallað um hagi og aðstæður stefndu, forsjárhæfni þeirra, styrkleika og veikleika sem foreldri, persónulega eiginleika, tengsl við börnin C og D og önnur helstu atriði sem tíðkast að leggja mat á þegar deilt er um hagsmuni barna í umsjá foreldra sinna. Þá er í matinu greint frá niðurstöðum prófana sem stefndu gengust undir og viðtölum við þau, sem og viðtölum við C, fósturmóður hennar og fósturmóður D. Þess utan liggja fyrir fjölmörg gögn sem aflað hefur verið undanfarin ár og tengjast afskiptum barnaverndaryfirvalda og stuðningi við stefndu og stúlkurnar tvær. Að virtum þessum gögnum verður að telja að stefnandi hafi rækt framangreinda lagaskyldu 1. mgr. 56. gr. barnaverndarlaga. Þegar við þetta bætist að ekkert er fram komið af hálfu stefndu, sem gefur haldbært tilefni til að ætla að slík breyting hafi orðið á stöðu þeirra og högum að raskað geti grundvelli fyrirliggjandi sálfræðimats, fær dómurinn ekki séð að tilefni sé til að afla annarrar matsgerðar um sömu atriði og metin voru í ágúst síðastliðnum. Jafnframt er til þess að líta að málið sætir lögbundinni flýtimeðferð og er öflun nýrrar matsgerðar til þess fallin að tefja efnislega niðurstöðu í málinu. Slík töf þykir ekki í þágu hagsmuna stúlkunnanna tveggja, en þeir skulu hafa forgang við úrlausn þessa máls. Enn fremur ber að horfa til þess að samkvæmt 1. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga skal kveðja til sérfróðan meðdómsmann til setu í dómi við aðalmeðferð máls og ber fjölskipuðum dómi, miðað við aldur D, að gefa henni kost á að tjá sig um málið, sbr. 2. mgr. 55. gr. Þá mun stefndu og meðalgöngustefnanda C gefast kostur á að gefa skýrslu fyrir dómi, leggja fram gögn og leiða vitni um forsjárhæfni stefndu og tengsl þeirra við dæturnar tvær.

Samkvæmt öllu framansögðu og með hliðsjón af dómi Hæstaréttar í máli nr. 354/2015 og úrskurðum Landsréttar í málum nr. 244/2018, nr. 451/2019, nr. 479/2019, nr. 647/2019, nr. 854/2019, nr. 198/2021, nr. 546/2023 og nr. 107/2026 er það álit dómsins að dómkvaðning matsmanns sé bersýnilega tilgangslaus til sönnunar á þeim atriðum sem tilgreind eru í matsbeiðni stefndu. Er því synjað kröfu þeirra um dómkvaðningu matmanns.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp úrskurðinn. Hefur uppkvaðning dregist vegna veikinda dómara.

**Úrskurðarorð:**

Beiðni stefndu um dómkvaðningu matsmanns er synjað.